

Um Pauru Rodríguez Leytón

Ljóðskáldið Paura Rodríguez Leytón fæddist í höfuðborg Bólívíu, La Paz, árið 1973.¹ Hún starfar sem kennari og blaðamaður og hefur gefið út ljóðabækurnar: Frá trénu og bláa bláa leirnum (sp. *Del árbol y la arcilla azul azul*, 1989), Ferðasiðir (sp. *Ritos de viaje*, 2004),² Fiskur úr steini (sp. *Pez de Piedra* (2007), Eins og gömul mynt á jörðinni (sp. *Como monedas viejas sobre la tierra*, 2012) og Að afhjúpa leyndardóm jurta (sp. *Deshilvanando el misterio de la hierba*, 2014). Nú síðast kom svo út ljóðabókin Flutningar í smáskömmtum (sp. *Pequeñas mudanzas*, 2017) og færði höfundi sérstaka viðurkenningu úthlutunarnefndar Pilar Fernández Labrador verðlaunanna í Salamanca.³

Rodríguez Leytón hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir ljóð sín, m.a. „César Vallejo“ verðlaunin í ljóðagerð árið 2006, auk þess sem Samtök bókaútgefenda í Bólívíu veittu henni sérstaka heiðursorðu árið 2013. Verk hennar hafa verið þýdd á frönsku, ítölsku og portúgölsku og stök kvæði birst í ýmsum safnrítum. Rodríguez Leytón fluttist árið 2007 til borgarinnar Santa Cruz í austurhluta Bólívíu og hefur látið til sín taka í menningar- og listalífi borgarinnar, auk þess að sækja ljóðáþing og hátíðir víða um Rómönsku Ameríku.

Um ljóðagerð Rodríguez Leytón segir José María Muñoz Quirós í inngangi að Flutningum í smáskömmtum: „Bókin er vitnisburður um fullmótaðan og snarpan stíl, þéttriðið skráninganet, glæsileika og fegurð; afrek á sviði ljóðlistarinnar“.⁴

1 Til frekari upplýsinga sjá: <https://circulodepoesia.com/2017/09/poesia-boliviana-paura-rodriguez-leyton/>

2 Bókin kom fyrst út í Bólívíu, því næst í Venesúela árið 2007. Hún er nú aðgengileg á vefnum. Sjá: https://letralia.com/ed_let/pdf/ritos.pdf

3 Verðlaunin hlaut Lilliam Moro (1946), frá Kúbu.

4 José María Muñoz Quirós: „Estamos ante un libro de una escritura rotunda y abrupta, intesa en sus registros, lúcida y hermosa en sus logros poéticos“. *Pequeñas mudanzas*. Salamanca: Diputación de Salamanca, 2017, bls. 13.